


SNIÐ Í VEG 1:500



SNIÐ Í HLJÓÐMÖN 1:500

SAMÞYKKTIR OG GILDISTAKA

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010

frá ______________ til ______________ 2019

Samþykkt í Bygginga- og Skipulagsnefnd Ölfus:

______________ 2019

Samþykkt í Bæjarstjórn Ölfuss:

______________ 2019

______________
Bæjarstjóri

Gildistaka með auglýsingu í B-deild:

______________ 2019

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSTILLÖGU

LÝSING Á SKIPULAGSSVÆÐI
Efnistaka í Hvammsnámu í landi Hvamms í Ölfusi hefur farið fram allt frá árinu 1930.
Námusvæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er staðsett við Hvammsveg (374), við Suðurlandsveg (1) milli Selfoss og Hveragerðis. Efnistökusvæðin eru tvö, sitt hvorumegin við Hvammsveg í uppgræddum melum, samtals um 12 ha og og er áætlað að vinna úr þeim allt að 600.000m3 á 30 árum. Af þessu svæði eru um 5 ha, sunnan vegar, gamalt efnistökusvæði sem búið er að fylla í og móta. Á það svæði hefur uppgröftur, mestmegnis frá Hveragerði, verið notaður til uppfyllingar og landmótunar í stað brottflutts efnis. Aðkoma á svæðið er af Hvammsvegi

Á gildandi aðalskipulagi er undirlendi Hvamms að mestu merkt sem landbúnaðarsvæði en hluti næst fjallshlíðum er merkt sem opið, óbyggt svæði. Efnistökusvæðin eru bæði á uppgræddu landi sem hefur verið nýtt til heyskapar og beitar.

Í grenndinni eru tvö íbúðarhús á jörðinni Hvammur og skammt vestan við efnistökusvæðin er Garðyrkjustöðin Nátthagi. Með Hvammsvegi og vestan við efra svæðið liggja reiðleiðir, merktar á aðalskipulagi.

FORSENDUR OG MARKMIÐ DEILISKIPULAGS
Markmið þessa deiliskipulags er áframhaldandi efnisnám á malarefni, til sölu á Suðurlandi. Í greinargerð með aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2002–2014 eru eftirfarandi markmið meðal annarra sett fram í kafla 5.2.9, efnistökusvæði:
– Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingarstarfsemi.
– Almennt er gert er ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum.
Efnistaka í Hvammi fellur að þessum markmiðum sveitarfélagsins.

AÐALSKIPULAG
Unnið er að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins 2010–2022. Efnistaka er þar inni og eru námurnar merktar E6a og E6b (fylgiskjal 1.2) Í samræmi við stefnu sveitarfélagsins verður gert deiliskipulag af námunni.

UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDAR
Efnistaka þessi er matsskyld samkvæmt lögum um umhverfismat nr. 106/2000. Matsskýrsla var dags 12.9.2012 og með úrskurði skipulagsstofnunar 15.10.2012 var fengin heimildi fyrir efnistökunni með athugasemdum varðandi samráð um tilhögun hljóðmana og umferðarhraða um Hvammsveg. Megin niðurstaða umhverfismatsins var að mestu áhrif efnistökunnar verði ónæði nágranna vegna hávaða, umferðar og ryks.

NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISSKÝRSLU
Með deiliskipulagstillögu þessari fylgir umhverfisáætlun, 20.01.2013 sem byggð er á rannsóknum og gerð umhverfismats framkvæmdar.

Samantekt á niðurstöðum á umhverfisáhrifum umhverfisskýrslu:

| | |
|---|---|
| Hljóðvist | óveruleg |
| Loftgæði | óveruleg |
| Landslag/sjónræn áhrif | óveruleg |
| Gróðurfar | óverulegt |
| Dýralíf | óverulegt |
| Jarðmyndanir | óverulegar |
| Vatnafar | óverulegt |
| Fornminjar | óverulegar |
| Samfélag | frekar jákvæð |

Heildaráhrif deiliskipulagstillögu eru metin óveruleg og tímabundin að mestu.
Helstu mótvægisaðgerðir eru gerð hljóðmanna vegna hávaða við efnisvinnslu, uppfylling og landmótun námusvæðis.

SAMRÁÐ
Við gerð deiliskipulags er haft samband við nágranna og Vegagerð um frágang hljóðmana, umferðarhraða um Hvammsveg og aðkomu að námunni.

SKIPULAGSSKILMÁLAR
– Setja skal hljóðmanir eins og sýndar eru á deiliskipulagstillögu.
– Komi fram ósk nágranna um hámarkshraða umferðar um Hvammsveg skal fara yfir hvort og hvernig því verði viðkomið.
– Efnistökusvæði og frágangur námusvæðis skal vera í samræmi við niðurstöður umhverfismats þ.e. áframhald verði á að fylla í gryfjur eftir því sem vinnslu í þeim lýkur með aðfluttum uppgreftri eða óvirkum úrgangi Gert er ráð fyrir að fyllt verði upp í ca 2/3, að jafnaði, af því rúmmáli sem burt er tekið, svæðið sléttað og sáð í það með grasfræi. Gætt verði að eðlilegri afvötnun svæðis.
– Olía skal ekki geymd á svæðinu og halda skal vinnuvélum í góðu viðhaldi.
– Komi í ljós hugsanleg ummerki um fornminjar skal hafa samband við Minjavörð.

LEYFI
Efnistaka þessi er háð eftirfarandi leyfum:
– Framkvæmdaleyfi frá Sveitarfélaginu Ölfusi samkv. byggingarlögum nr. 160/2010.
– Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um mengunarvarnir.
– Fyrirliggjandi er starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dagsett 7. júlí 2009 vegna landmótunar í námugryfjunni samkv. ákvæðum laga nr. 7/1998.




EFNISTÖKUÁÆTLUN 1:5.000

GÖGN
Aðalskipulag Ölfus 2002–2014, aðalskipulag Ölfus 2010–2022 tillaga
Matsskýrsla Bölta efh 12.9.2012: Efnistaka í landi Hvamms í sveitarfél. Ölfusi
Teiknað verður í grunn frá Verkfræðistofu Suðurlands ehf.
Myndagrunnur Loftmyndir ehf. Hnitakerfi ISNET 93

| NR: | DAGS | BREYTING | AF |
|---|---|---|---|

Bölti ehf LYNGHEIÐI 23, 810 HVERAGERÐI, S 4823223, 8629329 KT. 490103-2280

HVAMMUR ÖLFUSI
LANDNR: 172437 FASTANR. MATSHL.

KVARÐI: 1:1.000 1:10.000, 1:50.000
BLAÐST: A2
HANNAÐ: SþJ, BS
TEIKNAÐ: SþJ
DAGS: 24.01.2019
NR: 12038 02

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI
HVAMMSNÁMA: GREINARGERÐ, SNIÐ, ÁÆTLUN

SAMþ. KT. 100745-6580